

Blönduósi 21. apríl 2008.

Alþingi
Erindi nr. P 135/2334
komudagur 22.4.2008

**Varðar Frumvarp til laga
um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum
frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002
frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða.
(Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)**

Til athugunar

Fjöldi búfjáreigenda – tölur frá 2006

Norðvesturkjördæmi	1393
Norðausturkjördæmi	1485
Ársverk áætluð um	3000
Afleidd störf a.m.k.	3000
Samtals	6000 störf

Fjöldi starfa í afurðastöðvum kjöt og mjólk, norðvestur og norðaustur kjördæmi

Mjólk	200
Slátrun og kjötvinnsla	500
Afleidd störf	2100 - 3000
Samtals	3000 – 4000 störf

Ársverk í landbúnaði, úrvinnslu auk afleiddra starfa eru því um 9-10.000

Velta

Framleiðsla kjöts án beingreiðslna	3,5 milljarðar
Slátrun og vinnsla kjötafurða	8,5 milljarðar
Framleiðsla mjólkur án beingreiðslna	2,5 milljarðar
Vinnsla mjólkur	5,3 milljarðar
Samtals velta	19,8 milljarðar

Víða í þessum kjördæmum er landbúnaður og úrvinnsla landbúnaðarvara undirstöðuáttvinnugrein.

Ekki má heldur gleyma því að hundruð manna starfa við framleiðslu og úrvinnslu svína og kjúklingakjöts. Þau störf og sú velta sem þar á sér stað, kemur að mestu til viðbótar þeim tölum sem að ofan er.

Af hverju áhyggjur af matvælaöggjöf ESB?

- Opnar fyrir innflutning á fersku kjöti
- Tollvernd minnkar og tollar í sumum tilfellum einnig
- Samkeppnisstaða innlends iðnaðar versnar, ekki síst vegna stöðu mála á matvörumarkaði, þar sem einn aðili er með yfir 60% af markaðinum.

- Eftirlitskostnaður er nánast gefinn frjáls, sagt að hann eigi að miðast við raunkostnað, en hvar er hvatinn til að halda honum niðri?
- Heimilt verður að flytja inn kjöt frá öllum ríkjum ESB,
- Vitað að salmonelluvottorð halda ekki og vörur eru oft smitaðar af salmonellu þrátt fyrir að vottorð fylgi.
- Camphylobacter er grasserandi í flestum löndum ESB
- Kúariða finnst í mörgum löndum og nýlegar sýkingar fólks af Creutsfeld Jakob, benda til þess að ekki hafi tekist að koma í veg fyrir hana.
- Listeria er einnig vandamál í mörgum löndum.
- Vaktkerfi dýralækna leggst væntalega af, ekki verður tryggt að dýralæknir sé á vakt á stórum svæðum.

AF framansögðu má vera ljóst að það ætti að teljast eðlilegt að ekki séu einungis metin áhrif út frá sjúkdómahættu, heldur og ekki síður hættu á viðskiptalegar breytingar á kjötmarkaði.

Hát vaxtastig, norðlæg lega landsins auk hárra launa skekkja mjög samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar gagnvart landbúnaði sunnar í álfunni. Tollvernd sú sem íslenskur landbúnaður nýtur er síst hærri en almennt gerist t.d. í Noregi.